

Nokkrir punktar um gróðurfar á svæðinu frá Stafdal og út á Brún (600-650 m hæð) í hlíðum Bjólfsins

Guðrún Á. Jónsdóttir tók saman.

Inngangur

Svæðið var ekki skoðað með tilliti til þess að þar yrði lagður vegur eða færi fram mannvirkjagerð af nokkru tagi. **Þetta er því ekki formleg gróðurfarsúttekt á vegstæði eða mat á áhrifum vegarlagningar á gróðurfar á þessu svæði eða mýrunum neðan þess.** Þetta er á engan hátt tæmandi gróðurfarslýsing, ekki heldur fyrir þau gróðurlendi eða svæði sem nefnd verða hér á eftir. Þetta er einungis skrifað til að gefa grófa hugmynd um gróðurfar á þessu svæði.

Gengið var haustið 1997 úr Stafdal (frá skíðaskála) um brekkurnar ofan við Hausmýri en ekki gerðar sérstakar gróðurathuganir, einungis skráð nokkur almenn atriði á göngunni. Sumarið 1998 var gegnið út í jaðar Haugsmýrar neðanverðar og skráðar helstu tegundir í mýrarjaðrinum. Eftirfarandi greinargerð byggir á þessum fátæklegu athugunum.

Brekkur í Stafdal og ofan við Haugsmýrar

Í brekkunum ofan mýranna eru melakollar, móar, gil og lautir með snjódældum og mýrardrög. Í flestum gróðurlendum sjást einkenni þess að svæðið er nokkuð snjóþungt og er t.d. grasvíðir mjög útbreiddur. Nokkrir lækir renna niður þessar brekkur.

Melar eru með gróðurtorfum sem aðallega eru mosaflákar með nokkrum algengum berangurstegundum svo sem: krækilyngi, móasefi, holtasóley og sauðamerg. Einnig er víða grasvíðir, mosalyng og stinnastör þar sem snjór liggur lengur yfir.

Móar eru víða með mosapembugróðri og þýfðir. Þúfur oft með rofblettum og flagblettir því í mounum. Auk mosa eru tegundir eins og krækilyng, sauðamergur, stinnastör, blávingull og bugðupunktur algengar en bláberjalyng og grasvíðir í lægðum. Talsvert er af hreindýramosa og kræðu í mounum. Einnig eru stinnastaramóar á svæðinu oft á börðum og smáhryggjum milli blautari bletta. Þeir eru oftast þýfðir og sums staðar nokkuð gróskumiklir og stinnastör er þar mjög ríkjandi tegund.

Í giljum og lautum ber gróður svip af að snjór liggur lengi yfir. Þar eru tegundir eins og bláberjalyng, grasvíðir, maríustakkur, grámulla, klukkublóm og fjallasmári algengar.

Í mýrardrögum eru klóffá, hrafnastör og hengistör aðal tegundir. Stinnastör er oft í jöðrum mýrabletta og stinnastararflákar (stinnastararmóar) á milli.

Á ysta hluta leiðarinnar utan í Bjólfinum eru víða grýttir melar og skriður. Á móapúfum er krækilyng, stinnastör og kræða, einnig dálítið af móasefi og holtasóley á börðum. Í dældum er grasvíðir, grámulla og fjallasmári ásamt fléttum. Steinar er vaxnir svörtum mosa og hélumosi (snjómosi) og fléttur eru talsvert áberandi einkum er utar dregur.

Haugsmýrar

Þetta er stórt og fallett votlendi ofan við Bæjarbrún. Þar eru í neðsta hluta mýrarinnar hengistör, stinnastör og klófífa áberandi og einnig nokkrar breiður af tjarnastör. Einnig voru skráðar tegundir eins og gulvíðir, beitiesksi, klóelfting, engjarós og hálmgresi.

Niðurstöður

Ekki er hægt að meta verðmæti gróðurfars út frá þeim fátæklegu athugun sem fyrir liggja. Ekki er mjög líklegt að sjaldgæfar tegundir sé að finna á svæðinu þótt slíkt verði ekki útilokað nema með frekari rannsóknnum. Gróðurlendi, einkum í mýrunum gætu verið sérstæð og ólíklegt að þessar mýrar hafi verið mikið kannaðar áður. Stór og ósnert votlendi teljast einnig verðmæt í sjálfu sér þar sem votlendi hefur farið minnkandi á síðustu áratugum.

Það er álit undirritaðrar að endanlega veglínu ætti að leggja í samráði við náttúrufræðing, t.d. eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins sem þarf að ganga veglínuna og meta m.a. hvort frekari gróðurskoðun er nauðsynleg. Einnig að setja eigi það skilyrði að vegurinn spilli ekki vatnafari Haugsmýra, auk þess sem venjulega er tiltekið að vegurinn verði ekki áberandi í landslagi. Ekki er hér fjallað um önnur náttúrfarsleg verðmæti en gróðurfars, sem kunna að vera á svæðinu.

Neskaupstað 22. mars 1999.

Guðrún Á. Jónsdóttir